

LÖGMANNABLAÐIÐ

14. árgangur | júní | 2/2008

Lagadagurinn 2008

Gjafsókn – fyrir hverja?

Með Dershowitz í Skálholti



Lögmannafélag
Íslands

Efnisyfirlit

Lagadagurinn 2008

Sjöfn Kristjánsdóttir:
Sameiginleg málstofa

12

Bjarnveig Eiríksdóttir:
Málstofa I

14

Ragna Bjarnadóttir:
Málstofa II

15

Karl Óttar Pétursson:
Málstofa III

16

Ómar Þór Eyjólfsson:
Málstofa IV

17

Að kvöldi lagadags

18

Annað fag tengt efni

Ingimar Ingason:
Aðalfundur LMFÍ

6

Viðtal við Lárentsínus Kristjánsson
Nýr formaður LMFÍ

10

Ný stjórn LMFÍ

11

Björn L. Bergsson:
Með Dershowitz í Skálholti

20

Viðtal við Katrínu Helgu Hallgrímsdóttur:
Málflutningsréttindi í New York

28

Hjördís E. Harðardóttir:
Gjafsókn – fyrir hverja?

29

Fastir pistlar

Borgar Þór Einarsson:
Frá ritstjórn

4

Lárentsínus Kristjánsson:
Pistill formanns

25

Eyrún Ingadóttir:
Fréttir frá félagsdeild

27

Á léttum nótum

Eyrafjallajökull 2008

23

Af Merði lögmanni

26



Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITNEFND:
Sigurður Arnalds hrl.
Skúli Bjarnason hrl.
Svanhvít Axelsdóttir hdl.
Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður.
Hjördís Halldórsdóttir hdl.,
varaformaður.
Heimir Örn Herbertsson hrl., ritari.
Jóhannes B. Björnsson hrl., gjaldkeri.
Hildur Friðleifsdóttir, hdl.,
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Lagadagurinn 2008. Neðri mynd er af
einni málstofu lagadags. Efri myndir
eru af hljómsveitinni Buddu og smá-
aurunum. F.v. Guðrún Sesselja Arnar-
dóttir, Jóhannes Karl Sveinsson, Eiríkur
Jónsson og Einar Karl Hallvarðsson.
Bak við Guðrúnu sést í Róbert R.
Spanó.

MYNDATAKA:
Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

Lavazza **BLUE** LB2000



Lavazza BLUE LB2000, sem hönnuð er af Pininfarina, hentar fullkomlega inn á heimili og litlar rekstrareiningar enda nútímaleg, einföld, fágúð og hljóðlát. Vélin er ekki eingöngu ætluð fyrir venjulegt kaffi; á vélinni er flóunarstútur og því leikur einn að laga cappuccino, caffè latte og aðra slíka kaffidrykki. Pininfarina er dótturfyrirtæki Ferrari.

Vatnstankur: 1,4 lítrar • Efni: ABS • Rafmagn: 230V 50 Hz • Málafl: 1050 W • Hentar eingöngu fyrir Lavazza BLUE hylki sem hafa 18 mánaða geymsluþol • Mjög einföld í notkun, einungis einn stýritakki • Flóunarstútur Einfaldar ábendingar um áfyllingu vatns, þegar tæma þarf affall o.p.h.

Stærð: Breidd: 27,5 cm • Hæð: 36,5 cm • Dýpt: 29 cm • Þyngd: 10 kg

Lavazza BLUE á Íslandi, sýningarsalur og þjónusta:

Karl K. Karlsson ehf. Skútuvogi 5 -104 Reykjavík / Sími: 540 9000 / Fax: 540 9040 / Draupnigata 4 / 603 Akureyri
Pöntunarsími: 540 9000 / E-mail: lavazzablue@karlsson.is / Heimasíða á Íslandi: www.lavazzablue.is





Borgar Þór Einarsson hdl.

Rödd lögmannna

Í lýðræðinu er falin samkeppni milli ólíkra sjónarmiða og hugmynda. Samkeppnin er á köflum bæði hörð og óvægin en þó eru úrslitin aldrei þannig að samfélagið væri betur sett ef slíkrar samkeppni nyti ekki við.

Þátttakendur í þessari hörðu samkeppni mæta til leiks vel vopnum búnir, enda hafa þeir flestir mikilvæga hagsmuni að verja og sumir að eigin dómi heilagan málstað. Hugmyndafræðileg barátta og hagsmunagæsla eru þannig þungamiðja samkeppninnar. Hið mikilvæga hlutverk lögmannna í lýðræðislegu réttarríki kallar á þátttöku þeirra í þessari samkeppni. Upphafsorð siðareglna lögmannna um að þeim beri „að efla rétt og hrinda órétti“ undirstrika þetta mikilvæga hlutverk þeirra.

Áhrif lögmannna eru og eiga vera mikil þegar kemur að mótun samfélagsins. Sjónarmið þeirra eiga að vega þungt þegar til umfjöllunar eru mál sem varða réttindi og skyldur manna. Lögmonnum er bæði rétt og skylt að láta rödd sína heyrast með afgerandi hætti í slíkri umræðu. Þeirra framlag er mikilvægt

fyrir hagsmuni heildarinnar og það er algjörlega óásættanlegt að lögmen láti sig þjóðmál litlu varða.

Raddir lögmannna þurfa líka heyrast í innbyrðis málum stéttarinnar. Fagleg og fræðileg umræða þarf að vera lifandi innan stéttarinnar ef hún á að áfram að gegna forystuhlutverki í samfélaginu. Þá eru opinská skoðanaskipti um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál nauðsynleg til að forvígismenn stéttarinnar standi traustum fótum í hagsmunabaráttu sinni. Slíkur innri styrkur gefur rödd lögmannna enn meira vægi út á við.

Lögmannablaðið er rödd lögmannna. Í fyrsta lagi á blaðið að vera mál gagn og málsvari lögmannna út á við. Í öðru lagi þjónar blaðið þeim tilgangi að vera vettvangur innbyrðis skoðanaskipta og fræðilegrar umræðu. Í þriðja lagi gegnir blaðið því hlutverki að efla samheldni og félagsanda innan stéttarinnar með fréttum og margvíslegri umfjöllun. Það er von undirritaðs að Lögmannablaðið sinni sem best þessu þriðja hlutverki sínu undir hans stjórn.



VIÐSKIPTA **HLIÐ** MÁLANNA

Viðskiptablaðið

FRÉTTAVEFUR VIÐSKIPTABLAÐSINS

Á vefnum birtast fréttir úr viðskipta- og athafnalífinu, erlendar sem innlendar. Þar eru einnig nýjustu upplýsingar um stöðuna á markaði hér heima og erlendis sem og fréttir úr Kauphöllinni. Áskrifendum Viðskiptablaðsins býðst að lesa blaðið í heild á vefnum.

Nánari upplýsingar í 511 6622 og á www.vb.is

Viðskiptablaðið

vb.is



F.v. Ingibjörg Bjarnardóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir, Ásdís Rafnar, Sonja M. Hreiðarsdóttir, Hjördís E. Harðardóttir og Katrín Theodórsdóttir. Að baki Ingibjörgu sést í Evu B. Helgadóttur.

Aðalfundur LMFÍ

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ 2008 fóru fram á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 13. mars s.l. Auk venjulegra aðalfundarstarfa lágu fyrir tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, reglum félagsdeildar LMFÍ og umsókn um aðild Félags sáttalögmannna að félagsdeild LMFÍ.



Helgi Jóhannesson fráfarandi formaður LMFÍ.

Skýrsla fráfarandi formanns

Formaður félagsins, Helgi Jóhannesson, hrl., gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og ræddi m.a. fjölgun félagsmanna og þann mikla áhuga sem væri á námskeiði til öflunar hdl.-réttinda. Þá gerði Helgi að umtalsefni að málum hefði fækkað sem lögð væru fyrir úrskurðarnefnd lögmannna. Væri það af hinu góða og vonandi vísbending um góð vinnubrögð lögmannna. Benti Helgi jafnframt á mikilvægi þess að í nefndum sætu góðir lögmenn og að málsmeðferð tæki ekki of langan tíma. Öflugt innra eftirlitskerfi væri mikilvægt til að halda trausti út á við. Helgi benti einnig á mikilvægi laganefndar og tók sérstaklega fram að álit nefndarinnar um lagafrumvörp hefðu verið mjög vönduð.

Helgi vék að því að á starfsárinu hafi skorist í odda á milli innanhússlögmannna og annarra lögmannna. Fram hafi komið áleitnar spurningar um það hvort bankar væru að selja lögfræðisþjónustu sem ekki væri greiddur virðisaukaskattur af. Hafi félagið sent fyrirspurn til skattyfirvalda en svör þeirra hafi því miður engu skilað. Taldi Helgi það réttlætismál að samkeppnisjónarmið

væru látin gilda og ítrekaði að félagið vildi að skattayfirvöld könnuðu málið. Hvatti hann nýja stjórn til að halda þessari baráttu áfram.

Helgi þakkaði Hrafnhildi Stefánsdóttur, fráfarandi ritstjóra Lögmannablaðsins, fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Hafi blaðið verið fjölbreytt og metnaðarfullt í hennar tíð. Helgi kom því næst inn á hina reglulegu samráðsfundi félagsins með dómsmálaráðuneyti, Dómstólaráði og Dómarafélaginu sem eru afar gagnlegir. Nýlega hafa verið kynntar hugmyndir um breytingar á því með hvaða hætti ríkið kaupir lögmannsþjónustu, sem kollvarpa því kerfi sem nú er við lýði. Lögmannafélagið sendi á sínum tíma frá sér skýrslu þar sem skýrð voru sjónarmið félagsins en efni hennar virðist ekki hafa skilað sér inn til ráðuneytisins og hugmyndir, sem félagið hafnaði á sínum tíma, eru aftur komnar á borðið.

Helgi ræddi um erlend samskipti félagsins og sagði ljóst að erlendis væru lögmenn að glíma við sömu álitamál og uppi væru hér á landi. Virk skoðanaskipti og gagnkvæmur lærdómur væri því mikilvægur fyrir félagið og að þátttaka



F.v. Sveinn Andri Sveinsson, Jóhannes Albert Sævarsson, Jónas Haraldsson, Heimir Örn Herbertsson og Benedikt Ólafsson.

Lögmannafélagsins í CCBE léki þar veigamikil hlutverk.

Helgi kom inn á starfsemi félagsdeildar sem hafi verið fjölbreytt og skemmtileg. Ráðist var í umfangsmiklar breytingar á bókasafni félagsins á starfsárinu og hvatti hann lögmenn til að nýta sér þá þjónustu. Að lokum þakkaði Helgi stjórnarmönnum og öðru samstarfsfólki fyrir samstarfið í þriggja ára formannstíð sinni sem hafi verið gefandi og skemmtilegur tími. Öðrum félagsmönnum var þakkað traust og stuðning í gegnum árin.

Reikningar félagsins

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, kynnti ársreikninga fyrir árið 2007. Fram kom að afkoma félagsins og félagsdeildar af starfsemi ársins hefði í heild verið ásætlanleg og jákvæð. Samanlagðar tekjur félagsins umfram gjöld numu rúmum 10,6 milljónum króna. Þar af hafi afkoma lögbundna hlutans verið jákvæð um rúmar 10,1 milljón króna og félagsdeildar um rúmar 500 þúsund krónur.

Breytingar á samþykktum

Eftirfarandi tillaga um breytingar á 3., 7. og 16. gr. samþykktu félagsins voru samþykktar samhljóða:

5. mgr. 3. gr. „Lögmáður, sem öðlast hefur málflutningsréttindi hér á landi samkvæmt reglugerð nr. 900/2004, getur fengið aðild að LMFÍ.“

1. mgr. 7. gr. „Aðalfundur LMFÍ skal haldinn fyrir lok *maí*mánaðar ár hvert. Hann er lögmætur, ef löglega er til hans boðað“.

1. mgr. 16. gr. „Fyrir lok *mars*mánaðar ár hvert skal gjaldkeri félagsins hafa lokið við samning reikningsins fyrir liðið reikningsár og sent hann skoðunarmönnum, en þeir skulu aftur hafa sent stjórninni reikninginn með athugasemdum sínum innan tveggja vikna“.

Ný stjórn

Lárentsínus Kristjánsson, hrl., var kjörinn formaður Lögmannafélagsins næsta starfsár en auk þess voru Hildur Friðleifsdóttir, hdl. og Heimir Örn Herbertsson, hrl., kjörin í stjórn í stað Helga Jóhannessonar, hrl., og Ástríðar Gísladóttur, hdl. Áfram í stjórn félagsins sitja Hjördís Halldórsdóttir, hdl., og Jóhannes Bjarni Björnsson, hrl. Í varastjórn voru kjörin Hörður Felix Harðarson, hrl., Óskar Sigurðsson, hrl. og Katrín Helga Hallgrímsdóttir, hdl.

Gústaf Þór Tryggvason, hrl., og Othar Örn Petersen, hrl., voru kjörin skoðunarmenn félagsins og Þorbjörg I. Jónsdóttir, hrl., til vara. Í laganeftnd félagsins næsta starfsár voru kjörin Eva Bryndís Helgadóttir, hrl., Ólafur Eiríksson, hrl., Gísli G. Hall, hrl., Sigríður Rut Júlíusdóttir, hrl., Viðar Lúðvíksson, hrl., Eva Margrét Ævarsdóttir, hdl. og Kristín Benediktsdóttir, hdl.

Félagsdeild LMFÍ

Á aðalfundi félagsdeildar, sem haldinn var í kjölfar aðalfundar Lögmannafélagsins, var eftirfarandi breyting á 3. gr. reglna deildarinnar samþykkt samhljóða:

„Allir lögmenn geta átt aðild að félagsdeildinni. Aðild að félagsdeildinni geta einnig átt sérgreinafélög og hagsmunafélög, *enda séu félagsmenn slíkra félaga jafnframt aðilar að félagsdeild*. Sérgreinafélög fjalla um málefni hinna ýmsu sérgreina lögfræðinnar en hagsmunafélög gæta hagsmuna félagsmanna sinna og geta í því skyni, að fengnu samþykki stjórnar félagsdeildarinnar, átt aðild að öðrum samtökum. Sérgreina- og hagsmunafélög sem æskja aðilar að félagsdeildinni skulu senda um það umsókn til stjórnar svo tímanlega að hennar sé hægt að geta í fundarboði aðalfundar. *Með umsókninni skal fylgja staðfesting þess efnis að allir félagsmenn sérgreina- eða hagsmunafélagsins, séu aðilar að félagsdeild*. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi.“

Þá var umsókn Félags sáttalögmannanna um aðild að félagsdeild LMFÍ samþykkt mótatkvæðalaust.

Ingimar Ingason

Ný bók eftir Ármann Snævarr



Fulltrúar bókaútgáfunnar Codex afhenda Ármanni Snævarr fyrsta eintakið af bókinni Hjúskapar- og sambúðarréttur. F.v. Arnar Þór Stefánsson, hdl., Ármann Snævarr og Barbara Inga Albertsdóttir, laganemi.

Í júníbyrjun kom út ritið Hjúskapar- og sambúðarréttur eftir Ármann Snævarr fyrrverandi lagaprófessor á vegum Bókaútgáfunnar CODEX. Ritið er um 1100 blaðsíður að lengd og verður að líkindum grundvallarit á þessu fræðasviði lögfræðinnar, þar sem heildstætt rit hefur skort. Eru vonir bundnar við að ritið muni nýtast vel við kennslu í lagadeildum háskólanna sem og lögfræðingum, lögmonnum og dómurum í störfum þeirra að þessum málaflokki.

Ármann Snævarr tók við fyrsta eintakinu af ritinu í útgáfuhófi sem haldið var honum til heiðurs 6. júní sl. Var þar fjöldi manna samankominn til að heiðra hinn aldna höfund, en Ármann er fæddur á Nesi í Norðfirði, S-Múlasýslu, 18. september 1919, og er því 88 ára gamall. Er til efs að svo aldraður maður hafi áður gefið út sambærilegt grundvallarit í fræðigreini á Íslandi. Nú eru 60 ár liðin síðan Ármann hóf að kenna sifjarétt við Háskóla Íslands en hann var prófessor við deildina á árabílinu 1948-1973. Þá var hann rektor Háskólans 1960-1969, og loks dómari við Hæstarétt Íslands á árunum 1972-1984. Ármann hefur á ferli sínum ritað fjölmörg mikilsvæð rit og greinar á sviði lögfræði, eins og lögfræðingar þekkja.

Bókaútgáfan CODEX var stofnuð árið 1987 af Orator félagi laganema við Háskóla Íslands. Hún er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt samþykktu skipulagsskrá. Frá stofnun útgáfunnar hafa tugir rita verið gefnir út og er bókaútgáfan í fararbroddi hvaða varðar útgáfu á sviði lögfræði hérlendis.

100 ára afmæli

Norska lögmannafélagið hélt upp á 100 ára afmæli sitt í Osló með veglegri dagskrá dagana 29. til 31. maí s.l. Formanni og framkvæmdastjóra Lögmannafélagsins var boðið til sérstakrar hátíðardagskrár sem fram fór í ráðhúsi Oslóarborgar að kvöldi 31. maí að viðstöddum rúmlega 600 innlendum og erlendum gestum. Í tilefni af afmælinu færðu fulltrúar Lögmannafélagsins norska félaginu málverk að gjöf eftir Karolínu Lárusdóttur, myndlistarkonu. Fyrr um daginn stóð norska félagið fyrir alþjóðlegu málþingi í Nobel Peace Center þar sem William H. Neukom, formaður American Bar Association, kynnti stofnun „World Justice Project“ sem eru ný þverfagleg alþjóðleg samtök sem ætlað það hlutverk að styrkja grunvöll „Rule of Law“ í heiminum. (Nánari upplýsingar um þetta verkefni er að finna á slóðinni: www.abanet.org/wjp/) Einnig hélt Cherie Booth (Blair) Q.C. afar athyglisverða framsögu um hvernig hægt væri að samtvinna vinnu og einkalíf. Hátíðarhöldin voru mjög vel heppnuð í alla staði og veðrið lék við hátíðargesti.



LAGAÐEILD HR

NÝJAR ÁHERSLUR – MARKVISST NÁM – MEIRI MÖGULEIKAR

Hlutverk lagadeildar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins, kennsluáferða eða þeirra miklu krafna sem gerðar eru til nemenda á öllum námsstigum.

Grunnnámið tekur 3 ár og að því loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði.

Kynntu þér námið á www.lagadeild.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Nýr formaður LMFÍ



Nafn: Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Vinnustaður: Lögfræðistofa Reykjavíkur.

Sérhæfing í lögmennsku: Fyrirtækjaréttur, skaðabóta-
réttur og fjölskylduréttur.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Í 18 ár.

Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Í tvö ár.

Hver eru helstu áhugamál þín? Fjölskyldan, tónlist,
eldamennska og íþróttir.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Selmu Jónasdóttur kennara
og við eigum tvær dætur.

Lárentsínus Kristjánsson hrl. var kjörinn formaður LMFÍ á aðalfundi félagsins í vor. Í stuttu spjalli við Lögmannablaðið sagðist nýkjörinn formaður ekki eiga von á róttækum breytingum á starfi félagsins.

Hver eru helstu verkefni Lögmannafélagsins?

„Starfsemi Lögmannafélagsins byggir á gömlum merg þar sem varnarbarátta og hagsmunagæsla fyrir félagsmenn er rauði þráðurinn,“ segir Lárentsínus og nefnir boðaðar breytingar á gjafsóknarreglum sem nýjasta dæmið. „Við höfum brugðist mjög hart við hugmyndum um breytingar á gjafsóknarúrræðinu og sérstök nefnd er að taka saman ítarlega greinargerð um málið. Þetta er eitt lítið dæmi um þá hagsmunagæslu sem Lögmannafélagið sinnir í þágu félagsmanna sinna og um leið réttaröryggis í landinu.“

Mikilvægt fagfélag

Hverjar verða helstu áherslur nýrrar stjórnar?

„Við megum ekki gleyma því að Lögmannafélagið hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem fagfélag lögmanna. Félagið býður félagsmönnum sínum upp á mörg námskeið sem þjóna þeim tilgangi fyrst og fremst að efla fagmennsku í stéttinni. Ég tel jafnframt afar mikilvægt að koma á skyldubundinni endurmenntun lögmanna hér á landi, eins og tíðkast á Norðurlöndum. Framþróun í fræðigreinininni er hröð og íslenskir lögmenn þurfa sífellt að bæta við þekkingu sína og færni í harðnandi samkeppni.“

Lögmennskan og fjölskyldan

Fjölskyldulíf lögmanna var nýlega til umfjöllunar í Lögmannablaðinu. Telur þú að vinnuharka í stéttinni sé of mikil á kostnað fjölskyldunnar?

„Ég tel að við þurfum hvert og eitt sífellt að skoða samspil milli vinnu og einkalífs. Að mínu mati ber sameiginlegu fagfélagi lögmanna að gefa þessum málum gaum eins og gert hefur verið, umræðan sjálf þjónar ákveðnum tilgangi. Undanfarin misseri hefur mikill uppgangur einkennt íslenskt samfélag og lögmenn hafa ekki farið varhluta af því. Til þeirra eru gerðar miklar kröfur og þegar miklir hagsmunir eru í húfi er auðvitað ætlast til mikils. En það er skylda forvígismanna í stéttinni að vekja máls á fjölskyldu- og jafnréttismálum innan stéttarinnar. Jákvæð, opin og uppbyggileg umræða er að mínu mati líklegri til að ná markmiðum sínum en boð og bönn.“

Menntun og markaður

Á undanförunum árum hefur orðið bylting í framboði á lögfræðimenntun hér á landi. Hvernig metur þú stöðu lögfræðimenntunar nú?

„Það hefur orðið gríðarleg breyting í þessum efnunum á síðustu árum, bæði með fjölgun skóla og nemenda. Ég held því þó fram að það sé aldrei of mikið af lögfræðingum! Nýju skólarnir hafa staðið sig vel og skilað góðu starfi. Próunin er auðvitað sú að námsframboð ræðst í auknum mæli af markaðsaðstæðum og almennum aðstæðum í þjóðfélaginu. Það er auðvitað jákvætt að námið sé að verða sveigjanlegra hvað þetta varðar og aukin sérhæfing er af hinu góða. Við megum þó aldrei slaka í neinu á hinum klassísku gildum laganámsins,“ segir Lárentsínus.

Ný stjórn LMFÍ



Nafn: Hjördís Halldórsdóttir hdl.

Vinnustaður: LOGOS lögmannsþjónusta.

Sérhæfing í lögmennsku? Höfundaréttur, upplýsingatækni, kauparéttur, verktakaréttur og opinber innkaup.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Síðan 1999.

Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Þetta er annað árið mitt í aðalstjórn en áður var ég eitt ár í varastjórn.

Hver eru helstu áhugamál þín? Tónlist, kvikmyndir, fjallgöngur og ferðalög.

Fjölskylduhagir: Ég er gift Magnúsi Rúnari Magnússyni og við eigum eina dóttur.



Nafn: Hildur Friðleifsdóttir hdl.

Vinnustaður: Landsbankinn.

Sérhæfing í lögmennsku? Fjármunaréttur og fullnusturéttarfar.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Ég fékk réttindin 12. júní 2001.

Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Frá síðasta aðalfundi, 13. mars sl.

Hver eru helstu áhugamál þín? Veiði, skíði og ferðalög.

Fjölskylduhagir: Gift Þorbirni Jónssyni, sendiráðunauti við fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf og við eigum fjóra syni.



Nafn: Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.

Vinnustaður: LM lögmennt, Skólavörðustíg 12.

Sérhæfing í lögmennsku? Fyrirtækjaréttur, bankaréttur og málefni tengd útgerðum.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Í 15 ár, síðan 1993.

Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Þetta er annað árið mitt.

Hver eru helstu áhugamál þín? Íþróttir og útivist.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Hrafnhildi Kristjánsdóttur og við eigum þrjú börn.



Nafn: Heimir Örn Herbertsson hrl.

Vinnustaður: LEX lögmannsstofa.

Sérhæfing í lögmennsku? Samkeppnisréttur, málflutningur, eigna- og skaðabótaréttur.

Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku? Ég hef verið lögmaður síðan í ársbyrjun 2000.

Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ? Er á mínu fyrsta ári í stjórn.

Hver eru helstu áhugamál þín? Fjölskyldan og vinirnir, vinnan mín, allar íþróttir, öll menning, allar bókmenntir, ferðalög og hvers kyns skemmtanir.

Fjölskylduhagir: Kvæntur Björgu Melsted myndlistarkonu og kennara og við eigum þrjá stráka.



LAGADAGURINN 2008

Lögfræðingafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands

Þann 9. maí sl. var Lagadagurinn haldinn í fyrsta skipti. Málþingið hófst með hádegisverði og sameiginlegri málstofu allra þátttakenda. Að henni lokinni var hægt að velja úr fjórum málstofum. Að loknu hléi var hátíðarkvöldverður og skemmtun fram eftir nóttu. Lagadagurinn heppnaðist ákaflega vel en nokkrir lögfræðingar hafa tekið að sér að fjalla um málstofurnar.

Sameiginleg málstofa – Aðferðir og tæki einkamarkaðarins

Á sameiginlegri málstofu Lagadags voru þrjú afar fróðleg erindi sem voru virkilega til þess fallin að tendra áhuga á stjórnsýslunni.

Erindi Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, nefndist „Aðferðir og tæki einkamarkaðarins – hvernig henta þau stjórnsýslunni?“



Björn Bjarnason dómsmálaráðherra setti lagadaginn.

Næstur tók til máls Páll Þórhallsson, lögfræðingur hjá forsætisráðuneytinu, með erindið „Ríkið og einkageirinn – sjónarhorn ríkisstarfsmanns.“ Síðastur á mælendaskrá var Ástráður Haraldsson, hrl., með erindið „Hvernig á að reka ríkisstarfsmann?“

Í upphafi allra erindanna var komið inn á þau tímamót sem við blasa í opinberum rekstri og birtist m.a. í því að ýmis starfssemi hins opinbera hefur verið færð undir hlutafélagaform sem og sívaxandi fjölda samninga sem gerðir eru um stjórnsýsluverkefni.

Hlutverk og eðli stjórnsýslunnar

Bent var á að menn þyrftu að huga að því hvað er stjórnsýsla og hvað ekki. Almennt megi segja að stjórnsýslan sé það sem framkvæmdavaldið sýslar með og að meginhlutverk stjórnsýslunnar sé framkvæmd laga. Lög segi til um rétt borgaranna og hvaða samfélagslegu verkefnum hið opin-

bera eigi að sinna og hvernig, og mæli þar með fyrir um ráðstöfun fjármuna úr sameiginlegum sjóðum. Huga megi að því hvernig stjórnsýslan tali, ef svo má að orði komast, en þar blasa fyrst við atriði eins og reglur, reglugerðir, gjaldskrár og stjórnvaldsákvæðanir.

Samningar eru hins vegar aðferð einkamarkaðarins og setja megi spurningamerki við samningsgerð opinberra aðila, sérstaklega ef samningi er ætlað að koma í stað ákvarðana og reglna. Ekki sé unnt að fallast á að stjórnvöld geti framselt vald sitt með samningum og vafasamt er að það sé heimilt ef tilvist samnings er skilyrði þess að borgarar fái notið ákveðinna réttinda svo sem á sviði almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu. Huga þurfi að reglum á sviði stjórnsýslunnar, bæði skráðum og óskráðum, en þær reglur setja ýmis takmörk fyrir athafnafrelsi framkvæmdavaldsins. Einnig megi spyrja hvað verði um pólitíska ábyrgð og aðhald í þeim tilvikum þegar stjórn-



Alls voru þátttakendur lagadagsins 220.



Tryggvi Gunnarsson,
umboðsmaður Alþingis.

sýslan er framkvæmd af einkaaðilum, hvort sem er á grundvelli samnings eða rekstrarforms, sem er einkaréttarlegs eðlis.

Hið opinbera – kaupandi eða veitandi þjónustu?

Ýmsir telja að breyttar aðstæður kalli á breytt viðbrögð hins opinbera í ýmsum málum og málaflokkum. Vaxandi athygli beinist að því að verið er að veita þjónustu sem snýr beint að

borgurunum en fleiri atriði koma til m.a. vegna áhrifa erlendis frá. Einnig hefur hið opinbera í vaxandi mæli komið að verkefnum sem kaupandi þjónustu, t.d. frá opinberum hlutfélögum (ohf.), en það kallar einnig á breyttan hugsunarhátt starfsmanna.

Opinberir starfsmenn

Landlæg er sú trú að regluverkið sem gildir um starfsmannamál ríkisins sé ákaflega stíft og hamlandi. Því sé leitað leiða til að komast undan því, m.a. með stofnun hlutafélaga. Spyrja megi hvort sú þróun sé heppileg, t.d. í ljósi þess að vafi geti skapast um hvað heyri undir stjórnsýsluna og geti leitt til þess að draga úr réttaröryggisreglum.

Bent var á að lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna frá 1996 skipa ríkisstarfsmönnum í tvo flokka. Annars vegar eru það embættismenn sem ráðningafesta ríkir um og hins vegar aðrir starfsmenn þar sem almennt gildir þriggja mánaða gagnkvæmur uppsagnafrestur. Undan-

tekning er þó frá þeirri meginreglu ef ástæður uppsagnar má rekja til atriða er varða viðkomandi starfsmann sjálfan, s.s. vanrækslu, þá ber að veita honum kost á að tjá sig um uppsögn áður en hún tekur gildi. Ætlunin með lögunum var að færa starfsumhverfi opinberra starfsmanna sem næst einkamarkaðinum en í raun hefur sáralítið breyst í framkvæmd. Vera kann að dómstólar hafi farið of strangt í sakirnar þegar þeir hafa fjallað um málefni opinberra starfsmanna. Ekki er þó einungis við dómstóla að sakast, og e.t.v. lögin, heldur einnig og ekki síst þann sérstaka hugsunarhátt sem er ríkjandi hjá opinberum starfsmönnum. Bent var á að ef reglur, sem ætlað er visst hlutverk, snúast upp í andhverfu sína þá kann það að leiða til þess að einhvers konar einkavæðing verði víðtækari og algengari. Menn ættu þó að staldra við og hugsa í hvaða átt æskilegt væri að stjórnsýslan þróaðist.

Sjöfn Kristjánsdóttir hdl.

Tilkynning

Tilkynningar Dómstólaráðs

Nýlega setti Dómstólaráð fram viðmiðunarreglur um málsmeðferðartíma hjá héraðsdómstólum, en reglur þessar eru nr. 1/2008. Markmiðið með setningu slíkra reglna er að hraða meðferð mála og tryggja markvissari vinnubrögð dómstólanna. Mikilvægt er að lögmenn kynni sér vel þessar reglur, en þær er að finna á heimasíðu Dómstólaráðs á slóðinni www.domstolar.is, sem og á heimsíðu Lögmannafélagsins á slóðinni www.lmf.is.

Einnig er athygli lögmanna vakin á tilkynningu Dómstólaráðs nr. 2/2007 um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum sem einnig má finna á heimasíðu Dómstólaráðs.



Málstofa I – Atvinnufrelsið og almannahagsmunir

Á málstofu I fjölluðu Björg Thorarensen prófessor, Karl Axelsson, hrl., og Eiríkur Jónsson hdl., um atvinnufrelsið og almannahagsmuni. Þau beindu sjónum sínum að atvinnufrelsisákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar í ljósi nýlegrar dómaframkvæmdar um túlkun ákvæðisins, m.a. nýlegra dóma hæstaréttar í máli nr. 220/2004 (Tóbaksmáli) og máli nr. 182/2007 (Björgunarmáli).

Björg Thorarensen skýrði út í einkar áhugaverðri umfjöllun uppruna og sögu atvinnufrelsisins á Íslandi og hvernig mörkin á milli einstaklingshagsmuna og þarfa samfélagsins hefðu færst til í tímans rás frá því að miðast við þarfir bændasamfélags sem taldi of mikið frelsi grafa undan þeim máttarstólpa samfélagsins sem bændastéttin var yfir í það frelsis-hugtak sem á seinni hluta síðustu aldar var farið að skýra í ljósi mannréttindaákvæða alþjóðasamninga þar sem dómstólar færu djúpt ofan í þau sjónarmið sem að baki atvinnufrelsisákvæðunum lægju. Umfjöllun Karls um samspil atvinnufrelsis og atvinnuréttinda varpaði góðu ljósi á það hvernig dómur hefði nálgast þessi réttindi

bæði frá sjónarhóli 72. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar og hvernig skortur hefði verið á markvissri nálgun varðandi það hvort um væri að ræða atvinnuréttindi annars vegar og atvinnufrelsi hins vegar. Þó hefði í Björgunardóminum sem nýverið féll verið „klassísk“ nálgun varðandi þessi hugtök. Eiríkur fjallaði síðan um lagaáskilnaðarreglu 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar og hvernig beiting hennar hefði próast frá því því í byrjun síðustu aldar þegar fræðimenn töldu réttarlega þýðingu 75. gr. stjórnarskrárinnar litla og frekar fela í sér stefnuyfirlýsingu yfir í þær ríku kröfur til

lagaáskilnaðar við skerðingu atvinnufrelsis sem gerðar eru á síðustu árum. Benti hann á að ólíkt því sem áður hefði verið væri nú ljóst að reglan um lagaáskilnað hefði sjálfstæða þýðingu.

Öll voru erindin fróðleg, sett fram á skemmtilegan hátt og veittu lög- mönnum eins og undirritaðri, sem í daglegu amstri hnjóta gjarnan um skerðingu atvinnufrelsisins, afar gagnlega yfirsýn yfir þetta skemmtilega lögfræðilega viðfangsefni.

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.



F.v. Björg Thorarensen, Karl Axelsson og Eiríkur Jónsson.



Sigurður Líndal



Jón Steinar Gunnlaugsson og Róbert Ragnar Spanó.

Málstofa II – Deilt um lögskýringaraðferðir

Á málstofunni fjölluðu Jón Steinar Gunnlaugsson, Róbert Ragnar Spanó og Sigurður Líndal um lögskýringaraðferðir í atkvæðum meiri- og minnihluta í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 10. desember 2007, í máli nr. 634/2007. Ágreiningsefni málsins laut að skýringu á 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984 sem hljóðar svo: „Framsál á manni er aðeins heimilt ef verknaður eða sambærilegur verknaður getur varðað fangelsi í meira en 1 ár samkvæmt íslenskum lögum“. Meirihluti dómsins komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið bæri að skýra þannig að það tæki til refsiramma hlutaðeigandi refsí-ákvæðis en minnihluti dómsins taldi

að skýra ætti ákvæðið þannig að meta þyrfti hver yrði líkleg niðurstaða um refsingu óháð refsiramma ákvæðisins.

Óþarft er að taka fram að framsögumenn voru ekki á einu máli um álitaefnið. Róbert Spanó flutti fróðlegt erindi um lögskýringar og gagnrýndi hann nálgun bæði meiri- og minnihluta réttarins. Sigurður Líndal fjallaði um dóminn frá ýmsum hliðum og virtist ekki telja vandkvæðum bundið að skýra umrætt lagaákvæði. Jón Steinar Gunnlaugsson, annar dómara í minnihluta Hæstaréttar í umræddu máli, gagnrýndi atkvæði meirihlutans eins og búast mátti við. Ræddi hann m.a. gildi fordæma í

tilefni af tilvísun meirihlutans til þess hvernig Hæstiréttur hafði áður dæmt í sambærilegum málum þótt þar hafi ekki verið fjallað sérstaklega um álitaefnið.

Erindi framsögumannanna þriggja voru fróðleg og skemmtileg enda umræðuefnið áhugavert og framsögumennirnir þekktir fyrir allt annað en að eiga erfitt með að mynda sér skoðanir. Undirritaðri þótti einmitt áhugaverðast að heyra hversu ólík viðhorf þeirra til álitaefnisins voru og hversu glöggst mátti sjá að lagaleg niðurstaða liggur svo sannarlega ekki alltaf í augum uppi.

Ragna Bjarnadóttir
lögfræðingur



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er:

- Að annast símsvörum fyrir fyrirtæki.
- Símasala.
- Kynna vöru og þjónustu og bóka kynningarfundir.
- Fylgja eftir markpósti.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501

heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is



Málstofa III – Ný heildarlöggjöf um verðbréfavíðskipti

Á málstofunni fjölluðu þeir Aðalsteinn E. Jónasson hrl., Tómas Eiríksson hdl. og Hlynur Jónsson hdl. um innleiðingu og áhrif MiFID tilskipunarinnar á íslenskan rétt.

Framsögumennirnir nálgudust efnið frá ólíkum hliðum. Aðalsteinn fór yfir þau áhrif sem þessi innleiðing hefur á aðra þjónustuaðila en fjármálafyrirtæki en Tómas fjallaði um áhrif þess á fjármálafyrirtæki. Hlynur fjallaði síðan um áhrif innleiðingarinnar út frá sjónarhorni Fjármálaeftirlitsins.

Í máli Aðalsteins kom fram að heimildir lögmanna til verðbréfavíðskipta eru víðtækari heldur en þær voru í tíð eldri laga. Er lögmönnum heimilt að stunda án leyfis alla þá þjónustu sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Skilyrði þau sem lögmenn verða að uppfylla eru að um sé að ræða tilfallandi þjónustu og að hún sé eðlilegur þáttur í víðtækari þjónustu lögmansins við umbjóðanda sinn, sbr. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Túlka yrði þessa undanþágu, um hvað telst vera tilfallandi þjónusta, þröngt og verðbréfaþjónustan má ekki vera

aðalverkefnið heldur aðeins hluti af stærra verkefni eins og t.d. búskiptum.

Tómas velti fyrir sér hvort þessar reglur myndu auka skrifinnsku og virka letjandi á almenna fjárfesta eða hvort þetta regluverk muni auka tiltrú þeirra á fjármálamörkuðunum. Í umfjöllun sinni um „bestu framkvæmd“ kom fram að Kaupþing banki hf. er með sérstakt kerfi „Front Arena“ til að ákvarða bestu framkvæmd hverju sinni.

Bæði Tómas og Aðalsteinn fjölluðu um fjárfestingarráðgjöf fyrirtækjarráðgjafar gagnvart MiFID. Kom þar fram að ef ráðgjöfin felur í sér persónulega ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við tiltekna fjármálagerninga þá fellur hún undir MiFID.

Í máli Hlyns kom fram að heimildir Fjármálaeftirlitsins í kjölfar innleiðingarinnar myndu aukast og verkefnum fjölga. Hann fjallaði um TRS sem er nýtt upplýsinga- og eftirlitskerfi en hér á landi var farin sú leið að notast við viðskiptanúmer sem Hlynur taldi að myndi takmarka gagnsemi kerfisins. Urðu umræður um hvort eðlilegt hefði verið að



Aðalsteinn E. Jónasson

auðkenna viðskiptamenn eftir kennitölu eins og sum Norðurlandanna hafa gert.

Af máli framsögumannanna má vera ljóst að með innleiðingu þessara reglna mun ýmislegt breytast er varðar víðskipti á verðbréfamarkaði og við túlkun íslensku reglnanna yrði að horfa til framkvæmdar reglnanna í Evrópu.

Karl Óttar Pétursson hdl.



Málstofa IV – Áhrif Alþingis á stjórnarráðið

Starfandi sem sérfræðingur í ráðuneyti var val mitt á málstofu á Lagadeginum 2008 tiltölulega auðvelt, þ.e. að velja málstofu IV um áhrif Alþingis á stjórnarráðið. Þar fór fram almenn umfjöllun m.a. um lögmætis- og þingræðisregluna og áhugavert var að fá kynningu á rannsókn þeirra Margrétar Völu Kristjánsdóttur og dr. Ragnhildar Helgadóttur, sérfræðinga við lagadeild Háskólans í Reykjavík, um beitingu á 15. gr. stjórnarskrárinnar. Ýmis álitafni voru viðruð, einkum í tengslum við það hvernig forseti skiptir störfum með ráðherra. Sjónarmið varðandi bægni og réttthæð réttarheimilda í þessu sambandi voru rædd en eins og svo oft í lögfræðinni má segja að það sem á yfirborðinu kann að virðast ljóst við fyrstu sýn getur reynst óljósara en ætla mátti þegar dýpra er kafað. Það verður spennandi að fylgjast með framvindu og niðurstöðum rannsóknarinnar.

Bryndís Hlökkversdóttir, deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, var með athyglisvert erindi um þau úrræði

sem Alþingi hefur til að sinna eftirliti með framkvæmdavaldinu. Bæði var átt við eftirlit með ráðherra og stjórnsýslunni almennt. Mikilvægi slíks eftirlits væri augljóst enda fylgir valdi ábyrgð. Athygli vakti hversu rýr úrræði þingsins virðast vera, ekki síst til að takast á við stór álitamál um ábyrgð ráðherra og að geta kallað eftir ábyrgð ef á reyndi. Bryndís rakti stuttlega hver úrræðin eru í Noregi og Danmörku en líta má til þeirra komi til endurskoðunar á löggjöfinni hér á landi.

Málstofan stóð fyllilega undir væntingum. Líkt og við mátti búast gerðu framsögumenn erindum sínum góð skil og tókst að vekja þátttakendur til umhugsunar um málefnið. Þátttakendur voru virkir og spunnust áhuga- verðar umræður að loknum framsögum. Eins og oft vill verða hefði tími til umræðna mátt vera rýmri. Málstofan var nægilega lítil til að upplifa nálægð milli framsögumanna og þátttakenda, þ.e. umgjörðin var til þess fallin að gera andrúmsloftið



Ragnhildur Helgadóttir

persónulegt. Framsögumenn náðu að gera fræðunum góð skil og tengja þau við raunveruleikann eins og stefnt var að í kynningu á málstofunni.

Ómar Þór Eyjólfsson lögfræðingur
í viðskiptaráðuneytinu

Skil fjárvörslufirlýsinga vegna ársins 2007.

Nýlega var eyðublað fjárvörslufirlýsingar sent til allra sjálfstætt starfandi lögmanna en frestur til að skila inn fjárvörslufirlýsingum fyrir árið 2007 rennur út 1. október n.k.. Eru lögmenn hvattir til að ganga frá og skila inn yfirlýsingum tímanlega.

Að kvöldi lagadags

Það er óhætt að segja að lögfræðingar hafi skilið vinnuna eftir heima þegar haldið var á Hilton Reykjavík Nordica að kvöldi lagadags. Stemningin var góð í byrjun og batnaði þegar á leið uns það kom að því að það hefði orðið leiðinlegra ef það hefði orðið skemmtilegra. Edda Björgvinsdóttir var veislustjóri „par excellence“ og Björgvin Franz Gíslason var óborganlegur í gervi Geirs Ólafssonar, Mugisons og fleiri.

Innan lögfræðingastéttar eru miklir hæfileikamenn. Skyndilega varð til „bigband“ lögfræðinga á sviðinu. Það tók m.a. hina sívinsælu ballöðu „Traustur vinur“ sem hljómsveitin Upplyfting gerði ódauðlega um árið. Reyndar var búið að snúa textanum þannig að hann fjallaði um Mörð lögmann sem var fjarri góðu gamni að þessu sinni. Í lokin var slegið upp balli með Sniglabandinu.



Edda Björgvinsdóttir veislustjóri fór á kostum.



f.v. Margrét Hauksdóttir, Bjarnveig Eiríksdóttir, Ingveldur Einarsdóttir, Ársæll Friðriksson, Guðný Ólafsdóttir, Ólafur Hauksson, Sigurður Tómas Magnússon og Huld Konráðsdóttir.



F.v. Sturla Friðriksson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir, Hildur Friðleifsdóttir, Birgir Birgisson, Kristín Fjóra Fannberg, Hildur Njarðvík og Berglind Rut Hilmarsdóttir.



Fyrirverandi poppstjarna úr hljómsveitinni Upplyftingu og núverandi formaður LMFÍ heitir Lárentsínus Kristjánsson. Hann rifjaði upp gamla takta.



f.v. Sigurður Árni Þórðarson, Elín Sigrún Jónsdóttir, Hjördís Hákonardóttir, Helgi I. Jónsson, Helga Jörgensdóttir, Helgi Sigurðsson og Ólöf Finnsdóttir.



Heimir Örn Herbertsson, Guðrún Sesselja Arnardóttir, Róbert Ragnar Spanó og Eiríkur Jónsson syngja „Traustur vinur“

Útskrift af hdl.-námskeiði

Þann 11. apríl s.l. útskrifuðust lögmannsefni af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, en slíkt réttindanámskeið var nú haldið í tíunda sinn. Af þeim 37 þátttakendum sem skráðir voru til þátttöku, lauk 21 þátttakandi námskeiðinu með fullnægjandi hætti, 8 konur og 13 karlar.

Til fróðleiks má geta þess að alls hafa 355 lögfræðingar lokið námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim 9 árum sem þau hafa verið við líði, þar af eru 197 karlar og 158 konur.



Valgerður B. Eggertsdóttir tekur við prófskírteini sínu úr hendi Þorsteins Davíðssonar, formanns prófnefndar. Við hlið hans stendur Þórunn Guðmundsdóttir. Einnig sést í Kolbrúnu Benediktssdóttur og Pálma Þór Másson.

Sértilboð á ýmsum stimplum á netinu



www.trodat.is

Stimplaverslun á netinu

Aldrei verið einfaldara að
panta stimpla á netinu
og þú sérð útlitið strax !

Nýtt

✓ Ný gerð af vasastimplum

✓ Stimpilpennar

✓ Hringstimplar

✓ Dags. stimplar
ofl. ofl.



www.pmt.is afsláttur ef þú pantar á netinu

Krókhálsi 1 - 110 Reykjavík - pmt@pmt.is sími 567-8888 - fax 567-8889 - www.pmt.is

✓ **pmt**
last miðar & tæki ehf.



Með Dershowitz í Skálholti

Á fyrstu dögum aprílmánaðar dvaldi hér á landi Alan Dershowitz prófessor í refsirétti við Harvardháskóla en hann hefur jafnframt haft það sem aukabúgrein í gegnum tíðina að taka að sér vörn í sakamálum. Hingað kom hann á vegum staðarhaldarans í Skálholti en heldur varð fámennara á námskeiðinu en að var stefnt sem var okkar gróði sem mættum því okkur gafst þá meira svigrúm til skrafs og skoðanaskipta við Dershowitz. Hjúp þannig vel á snærið þegar tekið er tillit til þess að í kúrsa hjá honum í Harvard komast að hámarki 25 manns sem er ekki hátt hlutfall þeirra 2500 nema sem leggja þar stund á laganám.

Um Dershowitz

Nafn Dershowitz er mjög tengt umtalaðasta dómsmálinu sem hann hefur átt aðild að en það er mál O.J. Simpsons. Sem hluti af verjandateyminu fór hann yfir sýnileg sönnunargögn málsins auk þess að miðla af sérfræðiþekkingu sinni um sönnunarmát í refsimálum. Starfsferill hans er þó merkur fyrir fleiri sakir og má sem dæmi nefna að hann gat sér svo gott orð á námsárum að hann var nánast ráðinn beint inn í kennarastöðu í Harvard. Var það löngu áður en hann varð þrítugur og var þá, og er reyndar enn, einn sá yngsti sem gegnt hefur slíku starfi.

Sem fræðimaður og kennari á sviði refsiréttar hefur hann gefið út fjölda fræðibóka, bæði hefðbundinna kennslubóka, þar sem málefni eru krufin til mergjar, og bóka sem draga upp stærri mynd af viðfangsefninu. Ein slík, *Letters to a Young Lawyer*, rak á fjörur mínar í tengslum við kúrs um hlutverk verjenda í opinberum

málum sem við Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl. höfum kennt við Háskólann í Reykjavík. Býsna glúrin bók sem vakti áhuga minn á Dershowitz. Hann hefur þó ekki takmarkað sig við ritun fræðibóka heldur hefur líka ritað tvær skáldsögur og er með þá þriðju í smíðum. Auk þessa hefur hann lagt stund á verjandastörf. Þegar hann kom hingað til lands var hann að koma frá slíkum störfum fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag, Hollandi þar sem hann átti hlut að málsvörn fyrrum efnahagsmálaráðherra Bosníu Serba. Núorðið sagðist hann taka að sér þrjú mál á ári en hefði lengst af haft þau fimm. Helmingur þeirra mála sem hann flytti væru pro bono mál og hinn helmingurinn væru fyrir vel stæða skjólstæðinga. Öll þyrftu málin hins vegar að vera lögfræðilega áhugaverð út frá fræðunum, eins og til dæmis mál manns sem skaut lík og var ákærður fyrir morðtilraun. Meira væri umfangið ekki á verjandastörfunum þar sem einungis fimmtungur vinnutíma hans væri laus til slíkra verka en aðrar stundir væru helgaðar fræðistörfunum.

Sagnamaður á seminari

Seminarið í Skálholti með Dershowitz er áhugaverðasta lögfræðiseminar sem ég hef tekið þátt í. Þar réð mestu algerlega afslappað andrúmsloft þar sem umfjöllunarefnið var nánast einvörðungu reifað með skoðanaskiptum milli Dershowitz og þátttakenda. Honum var það einstaklega lagið að laða fram skoðanir annarra og nota þær síðan til að skerpa á umfjöllunarefninu auk þess sem hann hlustaði algerlega fordómalaust á skoðanir allra sem þannig sátu við sama borð án tillits til aldurs, menntunar eða starfa. Efninu

gerði hann svo skil með dæmisögum af dómsmálum sem gerði umfjöllunina mjög lifandi. Þær „stríðssögur“ gat hann þó framreitt án þess að það hljómaði sem sjálfhól. Meira að segja komst hann nokkuð vel frá því að nefna samneyti sitt við ýmis stórnöfn úr bandarískum stjórnámálum eins og t.d. Clintonhjónin, sem hann telur til vina sinna, og Barack Obama, sem er fyrrum nemandi hans. Kannski var það einmitt þessi eiginleiki, að segja sögur, sem gerði seminarið svo skemmtilegt því sagnahefð er eitthvað sem hérlendir þekkja vel úr sínum ranni.

Seminarinu var skipt upp í þrjá þætti þar sem lagt var upp með tiltekið þema sem síðan var spunnið út frá. Dershowitz gerði mjög í því að fá þátttakendur til að bera saman íslenskan veruleika við þann bandaríska og/eða fjölþjóðlega sem hann var að fjalla um.

1. Sönnunarreglur í refsirétti

Fyrsti þáttur seminarsins laut að sönnunarreglum í refsirétti þar sem „in dubio pro reo“ reglan (reasonable doubt) var skoðuð út frá ýmsum sjónarhornum og velt upp álitaefnum hvort henni farnaðist betur í höndum embættisdómara eða einnota kviðdómenda, leikmanna sem eingöngu kæmu einu sinni á ævinni að dómsmáli. Reifaði Dershowitz þá skoðun sína að þó kviðdómendakerfið væri meingallað að mörgu leyti væri líklegt að þessari reglu væri gert hærra undir höfði hjá leikmönnum í kviðdómendahlutverki heldur en hjá embættisdómurum sem þekkja það af eigin reynslu að tölfræðilega eru langflestir þeirra sem bornir eru sökum sekir. Því sé líklegra að embættisdómararnir teygji á staðreyndum til þess að láta þær ná yfir sökudólginn. Í þessu sambandi rakti Dershowitz O.J. Simpson málið og fór yfir hvað hefði orðið Simpson til sýknu. Saksóknarinn í málinu stóð í kosningabaráttu þegar málið var fyrir dómi, enda einn galli bandaríks réttarkerfis að slíkir embættismenn þurfa lýðhylli til að halda starfinu, sem leiddi til einkennilegra ákvarðanatöku varðandi umgjörð málsins. Síðast en ekki síst reifaði hann á hvern hátt lögreglan hefði falsað sönnunargögn en vörninni, með Dershowitz í fararbroddi, lánaðist að sanna það hlutlægt. Þar hefði sigurkapp lögreglu og ákærvalds borið skynsemina illa ofurliði og nauðsynlegur vafi þar með fundinn.

Rætt var um mismunandi sýn á „in dubio pro“ sönnunarregluna eftir því hvert umfjöllunarefnið væri. Sýn Dershowitz á sönnunarregluna í til dæmis kynferðisbrotamálum er að ganga þarf mjög vel úr skugga um vilja gagnaðila til þess að forðast misskilning. Vafi um huglæga afstöðu væri í æ ríkari mæli metinn

fórnarlambinu í hag. Rakti hann í þessu sambandi nauðgunarmál boxarans Mike Tyson, sem hann tók þátt í að verja, en Tyson hefði í einlægni ekki áttað sig á því að stúlkan vildi ekki þýðast hann. Slíkt var einfaldlega ekki til í orðabók Tysons en það viðhorf varð honum að sjálfsögðu ekki til sýknu andspænis næsta fullsönnuðum sökum.

2. Refsingar

Næsti þáttur seminarsins var haldinn síðla kvölds í setustofu Skálholtsskóla við logandi arineld. Hann fjallaði einkum um refsingar og þá einkum viðhorf til dauðarefsingar sem Dershowitz er á móti. Þessi þáttur seminarsins varð nokkuð almennari en sá fyrsti þar sem íslenskum veruleika er ekki til að dreifa í þessum efnum auk þess sem pólitík og trúarbragðafræði blandaðist meira í umfjöllunina. Sérstaklega þegar málefni Ísraels báru á góma og gyðinglegur uppruni Dershowitz en hann ólst upp í strangtrúaðri fjölskyldu sem flutti til Bandaríkjanna á fyrri hluta 20. aldarinnar og mátti horfa upp á fjöldamorð á ættingjum og vinum sem urðu innlyksa í Evrópu á stríðsárunum síðari. Þessi bakgrunnur mótar greinilega mjög skoðanir og viðhorf Dershowitz til tilveruréttar Ísraels og réttmæti framgöngu þeirra gagnvart nágrönnum sínum.

RENATA ERLENDSSON
lögglitur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517



3. Varnaraðgerðir yfirvalda

Priðji þátturinn fór fram að morgni næsta dags og hafði einkum fjölþjóðlega skírskotun sem og siðferðilega. Þemað var réttmæti fyrirbyggjandi varnaraðgerða yfirvalda sem geta spannað allt frá fjöldbólusetningu gegn smitsjúkdómum yfir í öfgafyllstu útgáfu sem geta falið í sér fyrirfram refsingar áður en glæpur er framinn. Sem dæmi tók Dershowitz mannréttindabrot Bandaríkjustjórnar gagnvart japönskum innflytjendum í síðari heimstyrjöldinni sem voru settir í fangabúðir, einvörðungu vegna upprunans, til að koma í veg fyrir undirróður og njósnastarfsemi. Engin slík starfsemi átti sér stað í stríðinu og má varpa því fram hvort aðgerðin hafi borið árangur. Því er í raun ómögulegt að svara en ljóst er að brotið var gegn stórum hópi saklausra almennra borgara sem var refsað fyrir uppruna sinn. Dershowitz mælti svona brotum ekki bót en velti upp til umræðu flóknum siðferðilegum spurningum er lutu að þessu viðfangsefni sem hafa verið mjög raunhæf í svonefndu stríði gegn hryðjuverkum. Viðfangsefnið var ögrandi til umfjöllunar þó það kannski snerti íslenskan veruleika í Skálholti blessunarlega ekki mikið.

Í lokin

Margt fleira bar á góma í kaffisþjalli, undir borðhaldi og morgunverði en auk annarra mannkosta við stutta viðkyrningu má hæla Dershowitz fyrir það að hann virtist búa yfir einlægri forvitni fræðimannsins á því að kynna réttarkerfi Íslands. Til dæmis hafði hann mikinn áhuga á að bera saman munnlegan málflutning fyrir íslenska og bandaríska Hæstaréttinum, bæði hve viðfangsefni dómstólanna eru ólík en líka framgangs-

mátinn þar sem bandaríski stíllinn er sá að málflytjandi þarf að standa fyrir máli sínu og svara hvössum spurningum dómenda, frekar en að flytja vel undirbúna og skipulagða ræðu án truflana eins og hér gerist helst. Kom íslenski máttinn honum nokkuð í opna skjöldu þar sem kvöldi fyrr, yfir kvöldverði, hafði hann setið við hlið íslensks hæstaréttardómara sem hann tryði ekki að myndi sitja þegjandi undir málflutningi. Ekki hafði Dershowitz nafn dómarsins á hraðbergi en af lýsingunni að dæma voru ráðstefnugestir sammála því að þar færi dómari vanur málflutningsstörfum sem hefði nokkuð annað viðhorf og framgangsmáta í málflutningi heldur en helftin af dómurum réttarins.

Staðarhaldara Skálholts ber sérstaklega að þakka góðar móttökur og umgjörð alla sem honum er mikill sómi að.

Björn L. Bergsson hrl.

Litlaþreng
Stórt verk lítið mál

Litlaþreng ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

prent.is

Eyjafjallajökull



Allir komust upp á Guðnastein sem er hæsti punktur Eyjafjallajökuls.

Í lok maí fór 20 manna hópur í gönguferð upp á Eyjafjallajökul á vegum félagsdeildar LMFÍ. Fengnir voru leiðsögumenn frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum og gengið upp jökulinn í blíðskaparverði.



Lára V. Júlíusdóttir, Þorsteinn Haraldsson, Dýrleif Kristjánsdóttir, Berþóra Ingólfssdóttir og Benedikt Ólafsson – alltaf á uppleið.

Þegar gengið var á jökulinn kæddust ferðalangar belti og tengdust böndum, ýmist vinaböndum eða hjónaböndum. Gengið var svo með öxi í hönd til að vera við öllu búin ef jörð opnaðist skyndilega undir fótum. Mátti jafnvel heyra óm af söng á snjóbreiðunni þegar gengið var í halarófu á jökli. Sumir sögðust hafa heyrt baráttusöngva verkalyðsins en aðrir gospel.



Ný málflytningarsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands.

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Lögmennt Laugardal ehf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 533-4850

Hjördís Edda Harðardóttir hrl.
Acta lögmannsstofa
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-32100

Óðinn Elisson hrl.
Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2060

Herdís Hallmarsdóttir hrl.
Embla lögmannsstofa ehf.
Lágmúla 5, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Berglind Svavarsdóttir hrl.
Regula lögmannsstofa
Borgartúni 28
105 Reykjavík
Sími: 580-7900

Sigurður Gísli Gíslason hrl.
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík
Sími: 562-9280

Ólafur Helgi Árnason hrl.
Landsbanki Íslands
Austurstræti 16
155 Reykjavík
Sími: 410-7700

Einar Þór Sverrisson hrl.
Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100

Ný málflytningarsréttindi fyrir héraðsdómi.

Ingibjörg Guðbjarnardóttir hdl.
Hæstiréttur Íslands
Dómshúsið v/Arnarhól
150 Reykjavík
Sími: 551-0303

Björn Hrafkelsson hdl.
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós
Sími: 455-2600

Heiða Björg Pálmadóttir hdl.
Umboðsmaður Alþingis
Álftamýri 7
150 Reykjavík
Sími: 510-6700

Fróði Steingrímsson hdl.
Skipti hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Sími: 550-6065

Ívar Bragason hdl.
Mörkin lögmannsþjónusta hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100

Bjarni Már Magnússon hdl.
Háskólinn á Akureyri
Sólborg v/Norðurslóð
600 Akureyri
Sími: 460-8000

Jóhanna Sigurjónsdóttir hdl.
Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
Sími: 516-6000

Þórir Júlíusson hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta sf
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Áslaug Björgvinsdóttir hdl.
LOGOS lögmannsþjónusta sf
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300

Pálmi Þór Másson hdl.
Bæjarskrifstofa sveitarfélagsins
Álftanes,
Bjarnastöðun
225 Álftanes
Sími: 550-2300

Sigurvin Ólafsson hdl.
Juris almenna lögfræðistofan
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400

Björg Jóhannesdóttir hdl.
Kaupþing banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6190

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
125 Reykjavík
Sími: 585-0700

Ingunn Agnes Kro hdl.
Landslög
Köllunarklettsvegi 2
104 Reykjavík
Sími: 520-2900

Hjördís Björk Hjaltadóttir hdl.
Neytendastofa
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 510-1100

Kolbrún Benediksdóttir hdl.
Ríkissaksóknari
Hvefisgötu 4-6
150 Reykjavík
Sími: 530-1600

Ingi Björn Poulsen hdl.
Borgarlögmaður
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík
Sími: 411-4107

Nýr vinnustaður

Helga Jónsdóttir hdl.
Samtök fjármálafyrirtækja
Borgartúni 35, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 480-0400

Arnar Þór Jónsson hdl.
Ragnar aðalsteinsson og Sigríður
Rut Júlíusdóttir lögmennt ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206

Ástríður Gísladóttir hdl.
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 515-7400

Þórunn Anna Árnadóttir hdl.
Neytendastofa
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 510-1100

Ingibjörg Björnsdóttir hdl.
Embla lögmannsstofa ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Ingibjörg Guðbjartsdóttir hdl.
Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf.
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 585-6733

Jónas Haraldsson hrl.
Lögmennt Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími: 562-9066

Jónas Þór Jónasson hdl.
Lögmennt Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími: 562-9066

Nýtt aðsetur

Ágúst Sindri Karlsson hrl.
Hlíðarsmára 9
201 Kópavogur
Sími: 520-7701

Guðmundur Örn Guðmundsson hdl.
Helluhrauni 6
220 Hafnarfjörður
Sími: 444-3410

Lex lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Það var mikið gleðiefni hversu vel tókst til með Lagadaginn 2008. Ég held að allir þeir sem komu að skipulagningu dagsins, og auðvitað þeir sem tóku þátt, séu sannfærðir um að þessi viðburður sé kominn til að vera og muni jafnframt stækka á alla kanta í framtíðinni.

Sérstaklega ánægjulegt og lofandi fyrir framhaldið var það góða samstarf sem tókst á milli Lögmannafélags Íslands, Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands sem tryggði væntanlega einnig öðru fremur þann mikla fjölda sem mætti bæði á málstofur um daginn og glæsilega kvöldskemmtun. Þeir sem misstu af þessum fyrsta Lagadegi ættu alls ekki að missa af þeim næsta.

Það fer ekki framhjá neinum að blikur eru á lofti í efnahagsmálum þjóðarinnar og fyrirsjáanlegur samdráttur á ýmsum sviðum. Á þeim átján árum sem ég hef starfað sem lögmaður hafa skipst á skin og skúrir og alltaf þegar dregur ský fyrir sólu þá örlar nokkuð á þeim útbreidda mis- skilningi að lögmenn geri það sérstaklega gott við slíkar kring- umstæður. Það er hins vegar svo að þegar vel árar í þjóðfélaginu þá gengur best hjá okkur lögmönnum eins og flestum öðrum stéttum. Hins vegar er því ekki að neita að lögmenn eru ágætlega settir með viðfangsefni þegar ver árar þrátt fyrir að þau breytist nokkuð.

Ég vil nota tækifærið í þessum fyrsta pistli mínum að þakka

forvera mínum, Helga Jóhannes- syni hrl., fyrir frábært starf í þágu félagsins undanfarin ár, þar af síðustu þrjú ár sem formaður. Helgi skilar af sér góðu búi, vel stæðu og öflugum félagi sem hefur sem fyrir mjög mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu og er án vafa einn af helstu „varðhundum“ réttarríkisins þótt stundum séu eins og gengur skiptar skoðanir meðal félagsmanna og annarra um afskipti eða afskiptaleysi félagsins af einstökum málum. Vonandi er og verður félagið einnig öflugur vettvangur til að benda á hvar úrbóta er þörf og beita sér fyrir slíkum breytingum í framtíðinni.

Gleðilegt sumarfrí - og gleymið alls ekki að taka það.

Tilkynning

Greiðsla árgjalda LMFÍ fyrir yfirstandandi ár.

Greiðsluseðlar vegna árgjalds skyldubundins hluta og félagsdeildar LMFÍ fyrir yfirstandandi ár, voru sendir félagsmönnum í maí s.l., með gjaldþaga 1. júní og eindaga 9. júní. Þeir lögmenn sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Félagsmenn sem skulda eldri árgjöld eru hvattir til að ganga frá greiðslu án tafar en allar ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðihinnheimtu innan tíðar.

Af Merði lögmanni

Þegar Mördur er ekki að tefla skák við tölvuna á kvöldin, eftir að hafa farið til aldraðrar móður sinnar í kvöldmat, situr hann gjarnan við imbann og skiptir á milli stöðva. Eitt af því sem hefur heltekið Mörd við sjónvarpið síðustu ár eru framhaldspættir um lögfræðinga í Ameríku. Þó fara þar engir framsóknarmenn með veggjum.

Mördur fagnaði því ógurlega þegar fréttist að það ætti að gera sjónvarpshátt um líf og starf lögfræðinga á farsældar fróni. Taldi Mördur það löngu tímabært enda líf þeirra ákaflega innihaldsríkt og spennandi fyrir utan aðfarar- og fullnustugerðir sem tröllríða störfum Marðar þessa dagana. Svo má ekki gleyma því að lögfræðingar eru lang skemmtilegastir og flottastir sem verður ekki sagt um aðrar stéttir þar sem fiðl og asnar vaða uppi.

Ekki minnkaði gleðin þegar Mördur var beðinn um að lesa handritið yfir og gefa góð ráð. Þótt Merði fyndist miður hvað aðalpersónan líktist honum lítið gladdist hann yfir því að fyrirmyndin var greinilega hans besti vinur í lögmansstétt. Vinurinn er að vísu ekki ólíkur Merði; frekar grömpí og kominn með talsverðan belg um sig miðjan. Því miður ekki framsóknarmaður heldur íhaldsdurgur sem lítur út eins gamall kommi sem lærði í Austur-Þýskalandi, þegar það var og hét, og væri líklegri til að vinna á einhverri náttúruvísindastofnun frekar en að verja mestu „pornodogs“ landsins. Vinurinn er gjarnan órakadur og illa tilhafður og á ekki nema ein jakkaföt og eitt bindi í einu, oftast úr lélegu efni.

Þá eru drykkjusiðir aðalpersónunnar ekki ókunnugir Merði því hann þolir ekkert helvítis létvínssull, að hætti kerlinga, enda snýst drykkja um að finna áhrif á sem skemmstum tíma. Ólíkt Merði hefur aðalpersónan hins vegar verið kvæntur sömu konunni alla tíð sem er orðin úttauguð vegna óreiðu og almennra leiðinda hans. Hún er samt þrjósk og lítur á það sem sitt „jihad“ í lífinu að reyna snúða vankantana af karlinum.

Önnur karlpersóna í þáttunum er mjög ólík Merði. Fyrirmyndin er greinilega flottasti stjörnulögmaður landsins og alls ekki ósvipaður amerískum lögmönnum í Law and Order. Í upphafi þáttanna er hann frekar þybbinn, hálsstuttur og lítur út eins og lundi séð aftanfrá. Eftir skilnað tekur hann upp á því að hvítt í sér tennurnar, fara í ræktina og ljós fimm sinnum í viku (með mynd af sportbilnum í vasanum). Nýtur hann mikillar kvenhylli í þáttunum enda útlitið eins og hjá kvikmyndastjörnu.

Aðalkvenpersónan er svona „megabeib“ eins sagt er. Há, grönn, skemmtileg og klár eins og stelpurnar í Boston Legal. Að vísu gerði Mördur athugasemd við þessa týpu við yfirlestur handritsins því hún er ekki til í íslenskum lögfræðiveruleika þar sem mussukerlingar vaða á súðum. Var Merði þá sagt að engir karlar nenntu að horfa á þáttinn nema það væru einhverjar skvísur með.

Önnur kvenpersóna í þáttunum var meira að skapi Marðar. Þokkalega geðvondur femínisti sem hafði verið með krepptan hnefa í vasanum allt sitt líf. Leggur ekki mikið upp úr klæðnaði, eða kynþokka, og snyrtivörunotkun í algjöru lágmarki. Elda þau grátt silfur saman, femínistinn og aðalpersónan, og deila jafnt í fjölmiðlum sem á öldurhúsum bæjarins um klám, mansal, kvænnafræði og hreingerningar í helstu ríkisstofnunum. Um ástir og kynlíf í þættinum sjá störnulögmaðurinn og „megabeibið“ en hinar persónurnar eru algjörlega náttúrulegsar, eins og gefur að skilja.



Eyrún Ingadóttir

Námskeið vorannar

Á vegum félagsdeildar voru skipulögð ellefu námskeið á vorönn 2008. Mörg þeirra gengu ákaflega vel en það er engu að síður stefna félagsdeildar að námskeið standi undir lágmarkskostnaði. Meðal námskeiða voru Flöggun og yfirtökuskylda, Ný lög um fyrningu kröfuréttinda, Íslenskir lánasamningar, Gerð og framkvæmd lögfræðilegra áreiðanleikakannana og Varnarþingsreglur Lúganósamningsins, viðurkenning og fullnusta erlendra dóma. Félagsdeild fékk prófessor frá Stanford til að halda námskeið í samningatækni sem heppnaðist afar vel.

Eyjafjallajökull

Laugardaginn 24. maí hélt 20 manna hópur frá LMFÍ upp á Eyjafjallajökul í blíðskaparveðri. Gangan er nokkuð brött en þegar komið var niður um kvöldmatarleytið var haldið til Ferðabjónustu bænda í Drangshlíð og borðuð kjötsúpa og pönnukökur. Hluti hópsins gisti þar um nóttina og átti góða stund saman. Þetta er í annað skipti sem félagsdeild skipuleggur göngu sem þessa en vorið 2006 var farið á Hvannadalshnjúk.



Golf

Golfáhugamenn innan LMFÍ hafa sett saman dagskrá sumarsins en fyrstu keppnum er þegar lokið. Úrslit verða kynnt í haustblaðinu en nánari upplýsingar um mótin má finna á heimasíðu félagsins.

Vesturfarar

Nýverið auglýsti félagsdeild námsferð til Kanada næsta haust. Þátttakendur geta valið um að vera annað hvort í 7 eða 10 daga í ferðinni. Þeir sem velja að vera lengur dvelja í Montréal í fjóra daga, Winnipeg í fimm daga og svo eina nótt í lokin í Montréal. Hinir dvelja eina nótt í upphafi og í lokin í Montréal. Á fjórða tug manns hefur þegar skráð sig til fararinnar en stefnt er að því að fara dagsferð um Nýja Ísland, heimsækja lögmannsstofu með íslenskar rætur og margt fleira.

Ritstjóri kveður



Hrafnhildur Stefánsdóttir hefur látið af störfum sem ritstjóri Lögmannablaðsins en undir hennar stjórn voru gefin út níu tölublöð. Um leið og stjórn og starfsfólk Lögmannafélags Íslands þakkaði Hrafnhildi fyrir frábært samstarf var henni færður myndarlegur blómvöndur.

Málflutningsréttindi í New York

Það er ekki mikið um að íslenskir lögmennt aflí sér lögmannsréttinda erlendis. Lögmannablaðið ræddi við Katrínu Helgu Hallgrímsdóttur héraðsdómslögmann hjá BBA//LEGAL um málflutningsréttindi sem hún hefur í New York.

Hvernig kom það til að þú tókst próf til að öðlast málflutningsréttindi í New York?

Ég var í Chicago í framhaldsnámi og hafði alltaf séð fyrir mér að ég mundi taka málflutningsréttindi í Bandaríkjunum að því loknu. Þar sem New York er fjármálamiðstöð heimsins er langalgengast að erlendir lögmennt taki prófið þar auk þess sem þar er hægt að taka prófið án þess uppfylla frekari kröfur en að hafa lokið tilteknu námi í Bandaríkjunum. Það eru sem sagt engar kröfur um að hafa unnið í einhvern ákveðinn tíma í Bandaríkjunum og annað slíkt.



Katrín Helga Hallgrímsdóttir

Erfiðasta próf sem ég hef farið í

Hvernig fer undirbúningurinn og prófið fram?

Prófið er haldið tvisvar á ári í febrúar og júlí. Ég fór í lok júlí og undirbúningurinn stóð því í rúma tvo mánuði. Það var mikil törn, tímar í 4-6 klst. á dag og svo þurfti ég að lesa í kannski 6-8 klst. í viðbót. Á þessum tveimur mánuðum er farið yfir flestar fræðigreinar lögfræðinnar; réttarfar, refsirétt, samningarétt, erfðarétt, sifjarétt, stjórnskipunarrétt og svo framvegis. Svo fer líka dágóður tími í að læra að taka prófið. Prófið skiptist á tvo daga í 6 klst. hvorn dag, annar dagurinn fer í krossa-spurningar og hinn dagurinn í ritgerðarspurningar. Undirbúningurinn var fyrst og fremst mikil vinna, en prófið er klárlega erfiðasta próf sem ég hef farið í.

Hafa þessi réttindi nýst þér í störfum þínum hér á landi?

Það er hæpið að segja að réttindin nýtist mér beint í störfum mínum sem lögmaður á Íslandi. En engu að síður lærði ég heilmikið á þessu og það að vera með réttindin nýtist mér fyrst og fremst gagnvart erlendum kúnum sem þekkja að sjálfsögðu þetta próf og líta á það sem ákveðinn gæðastimpil.

Ráðstefna í Svíþjóð

Ertu í lögmannafélagi New York?

Já ég er aðili að New York State Bar Association og fæ fyrir vikið ógrynni af tölvupósti og sniglapósti um hin ýmsu málefni. En svo sit ég í stjórn Íslandsdeildar „New York State Bar Association International Law and Practice Section“, ásamt Ásgeiri Ragnarssyni hdl. sem er formaður og Einari Páli Tamimi hdl. Hlutverk þess er fyrst og fremst fyrir lögmannafélag New York sem vill halda uppi tengslum við Íslendinga með áhuga á alþjóðalögum, hafa þessi málflutningsréttindi eða hafa verið í námi í Bandaríkjunum. Þessa dagana tökum við virkan þátt í undirbúningi að árlegri ráðstefnu sem mun fara fram í Stokkhólmi í september. Þar verður stíft fræðsluprógramm í þrjú daga með alls konar skemmtun inni á milli. Fyrirlestrum verður í grunninn skipt í þrennt; fyrirtækjalögfræði (corporate), málaferli (litigation / arbitration), og svo almennt (general). Að sjálfsögðu eru allir velkomnir en ráðstefnan er ekki sérstaklega bundin við lögfræðinga sem hafa verið í Bandaríkjunum. Ég hvet því alla til að skoða þessa ráðstefnu vel en það má finna upplýsingar um hana út frá heimasíðu New York State Bar Association: www.nysba.org eða hafa samband við mig eða eitthvert okkar ef menn hafa áhuga á því að mæta.



Hjördís E. Harðardóttir hrl.

Gjafsókn – fyrir hverja?

Inngangur

Með lögum nr. 7/2005 var gerð breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og voru skilyrði til gjafsóknar verulega þrengd frá því sem áður var. Með reglugerð nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, sem sett er með heimild í 126. gr. einkamálalaga, hafa skilyrði til gjafsóknar enn frekar verið hert.

Hvað er gjafsókn?

Með gjafsókn er almennt átt við að veita megi einstaklingi opinbera aðstoð til að standa straum af kostnaði við málssókn eða málsvörn ef efnahag hans er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða. Samkvæmt lögum um meðferð einkamála, áður en þeim var breytt með lögum nr. 7/2005, var auk þess miðað við að hægt væri að sækja um gjafsókn ef úrlausn máls hefði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Þetta ákvæði laganna var afnumið með lögum nr. 7/2005 og eru skilyrði til gjafsóknar nú bundin við að kostnaður sé viðkomandi ofviða svo og að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé, sbr. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991.

Lögbundin gjafsókn

Gjafsókn er lögbundin í ýmsum málaflokkum, t.d. í barnaverndarmálum, ættleiðingarmálum og bótamálum vegna ólögætrar handtöku. Einnig eru í lögum heimildir til gjafsóknar, t.d. í 19. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Þá er víða í lögum skylda til greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði, t.d. í lögræðissvipt-

ingarmálum og barnsfaðernismálum, svo og t.d. í nýjum lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 6. mgr. 5. gr.

Réttlát málsmeðferð fyrir dómi

Samkvæmt 70. gr. stjórnarskrár Íslands ber öllum réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 69/1994 um mannréttinda-sáttmála Evrópu skulu menn eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhøllum dómstóli. Tilefni sýnist til þess að kanna frekar hvort það fyrirkomulag gjafsóknar sem er við lýði í dag standist þessi ákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, og þá hvernig unnt eigi að vera að tryggja mönnum réttláta málsmeðferð fyrir dómi, án opinberrar aðstoðar, hafi þeir ekki til þess fé.

Fjárhagsstaða umsækjanda

Í 7. gr. reglugerðar nr. 45/2008 kemur fram að við mat á því hvort gjafsókn verði veitt vegna efnahags umsækjanda skuli miðað við að tekjustofn umsækjanda til útreiknings tekjuskatts og útsvars og fjármagnstekjur nemi ekki hærri fjárhæð en samtals kr. 1.600.000 á ári. Samanlagðar árstekjur hjóna eða sambúðaraðila mega ekki fara yfir kr. 2.500.000. Þetta gera kr. 133.000 í mánaðartekjur fyrir einstakling og kr. 208.000 fyrir hjón, eða kr. 104.000 fyrir umsækjanda sem er í hjúskap eða í sambúð. Viðmiðunarmörkin hækka um kr. 250.000 á ári fyrir hvert barn undir 18 ára aldri. Velta má fyrir sér hvort það standist að setja í reglugerð upphæðir sem skylt er að miðað við þegar lagaheimildin kveður aðeins

á um að í reglugerð megi setja þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda um gjafsókn.

Hver getur sótt um gjafsókn?

Telja verður að með reglugerð nr. 45/2008 séu enn frekar takmarkaðir möguleikar fjölmargra til að leita réttar síns fyrir dómstólum miðað við það sem áður var. Viðmiðunarfjárhæðir reglugerðarinnar eru svo lágar að þær útiloka stóran hóp fólks frá því að geta sótt um gjafsókn og þar með að geta staðið straum af kostnaði við málssókn eða málsvörn. Telja verður að réttlát málsmeðferð manna fyrir dómi sé ekki tryggð við þessar aðstæður. Þá eru skilyrði í reglugerðinni um mat á tilefni til veitingar gjafsóknar sem uppfylla þarf einnig, til viðbótar ofangreindum skilyrðum um fjárhagsstöðu, sem eru einnig takmarkandi en verður ekki fjallað frekar um hér.

Hver er staðan í nágrannalöndunum?

Rétt til að gefa lesendum hugmynd um hvernig fyrirkomulagið er í Danmörku þá má nefna að í dönsku lögunum um meðferð einkamála (LBK nr. 1261 af 23/10/2007) er tekjuviðmiðið núna um 4 milljónir króna fyrir einstakling. Þá má benda á að lögin gera ráð fyrir því að sé umsækjandi t.d. leigjandi, starfsmaður eða tjónþoli teljist viðkomandi hafa nægilegt tilefni til málssóknar. Ekki er annað að sjá en að skilyrðin séu mun rýmri í Danmörku en hér á landi, bæði hvað varðar tekjuviðmið og tilefni til málssóknar, auk þess sem

tekjuviðmiðið og tilefni er tilgreint í lögunum sjálfum, ekki í reglugerð.

Hlutverk lögmanna

Það hlýtur að vera meðal hlutverka lögmanna og Lögmannafélags Íslands að stuðla að því að fólki sé tryggð réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Oft er fjárhagur fólks með þeim hætti að það á erfitt með að standa straum af kostnaði við málssókn eða málsvörn. Sem dæmi má taka einstakling sem lendir í vinnuslysi og þarf að láta reyna á hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi hjá vinnuveitanda. Mikill kostnaður getur verið við málssókn, öflun matsgerða o.fl. sem getur reynst viðkomandi ofviða fjárhagslega og má einstaklingurinn sín ekki mikils gagnvart fyrirtæki sem getur staðið straum af málsvörn, oftast með atbeina váttrygginga-félags.

Lokaorð

Hvernig viljum við haga gjafsókn hér á Íslandi? Viljum við tryggja sumum rétt til gjafsóknar og öðrum ekki, samanber það að í ákveðnum málaflokkum er gjafsókn lögbundin eða kostnaður greiddur úr ríkissjóði, algjörlega óháð tekjum viðkomandi? Þetta eru grundvallarspurningar sem lögmenn þurfa að ræða og komast að skynsamlegri niðurstöðu um og þá eftir atvikum að beita sér fyrir breytingum á núverandi lögum og reglugerð með það að markmiði að tryggja fólki réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Tilkynning

Fjárhæð starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr., sbr. 25. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, sbr. lög 93/2004, ber sérhverjum sjálfstætt starfandi lögmanni að hafa gilda starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Nánari útfærslu á þessari tryggingaskyldu er að finna í reglugerð nr. 200/1999 þar sem m.a. kemur fram að lágmarkstryggingafjárhæð, sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs, er í dag kr. 23.897.000. Þá kemur fram í reglugerðinni að ef tveir eða fleiri lögmenn starfi saman með sameiginlega starfsstofu teljist þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu enda sé lögð fyrir Lögmannafélagið yfirlýsing um óskipta bótaábyrgð. Hækkar lágmarkið þá um 10% fyrir hvern lögmenn umfram einn.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. lögmannalaga er lögmanni heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem þó nemur að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi. Þrátt fyrir þessa heimild er sjaldgæft að lögmenn nýti sér hana í samningum við umbjóðendur sína. Mun algengara er að lögmenn og lögmannsstofur kaupi sér þess í stað ábyrgðartryggingu fyrir mun hærri tryggingafjárhæð en framangreindar reglur kveða á um, enda geta þeir hagsmunir sem lögmenn gæta fyrir sína umbjóðendur verið margfalt hærri en lágmarkstryggingarverndin kveður á um. Það er afar mikilvægt að lögmenn geri sér grein fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem kann að fylgja hagsmunagæslu í stórum málum og uppfæri tryggingavernd sína og starfsmanna sinna til samræmis við það. velflest íslensk tryggingafélög bjóða viðskiptavinum sínum að meta áhættur í rekstri og eru lögmenn hvattir til að nýta sér það og uppfæra tryggingavernd sína til samræmis við niðurstöðu slíks áhættumats.



Lóan er komin!

Ljósafossstöð við Sog

Einstakt tækifæri til að sjá valin verk úr sýningu Steingríms Eyfjörð „Lóan er komin“ sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum 2007.

Sýningin er opin alla eftirmiðdaga í sumar frá 7. júní.

Kynnið ykkur raforkuframléiðslu og sjáið einnig skemmtilegar sýningar í Blöndustöð, Búrfelli, Kröflustöð, Laxárstöð og Gestastofu Fljótisdalsstöðvar í Végarði.

Stöðvar Landsvirkjunar eru opnar **alla eftirmiðdaga í sumar.**

Végarður er opin frá kl. 9-17 alla daga vikunnar.

Heimsókn til Landsvirkjunar er ókeypis.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.



Landsvirkjun

Handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna 2007



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is